



# Skýrsla B-hluta fyrirtækja

Innleiðing og eftirfylgni Almennrar eigandastefnu



Reykjavík

2022-2026



## Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar

Borgarráð samþykkti þann 28. apríl 2022 tillögu stýrihóps um [Almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B-hlutafélögum](#) sem tekur mið af leiðbeiningum OECD um góða stjórnarhætti í opinberri eigu frá 2015. Með eigandastefnunni var mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigandavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigandastefnan nær til.

Almenn eigandastefna rammur inn með skýrum hætti markmið og framkvæmd eigandavaldsins. Helstu breytingar sem stefnan markar eru m.a. að Reykjavíkurborg er formlega skilgreind sem virkur eigandi og hlutverk, umboð og ábyrgð eigandafyrirsvars er skilgreint og afmarkað gagnvart borgarráði og borgarstjórn, þar á meðal valdheimildir og mörk þeirra og upplýsingagjöf. Eigandafyrirsvar er hugtak sem skilgreinir hvaða stjórnareiningar innan Reykjavíkurborgar fara hverju sinni með réttindi og skyldur Reykjavíkurborgar sem eiganda og með hvaða hætti. Borgarstjóri er handhafi eigandafyrirsvars en framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar er í höndum borgarritara, að frátalinni fjárhagslegri framkvæmd og eftirfylgni sem er í höndum sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og innri endurskoðunarþjónustu sem er í höndum Innri endurskoðunar og ráðgjafar og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Gerð er krafa um að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna séu í samræmi við rekstrarform sem um þau gilda og endurspegli lög og góða stjórnarhætti og endurskoðar Eigandafyrirsvar reglulega rekstrarform fyrirtækjanna.

Í þessari skýrslu er að finna yfirlit vegna eftirfylgni eigandastefnu gagnvart B-hlutafélögum borgarinnar á fyrsta kjörtímabili hennar 2022-2026. Innleiðing á eigandastefnunni hefur gengið ágætlega og ýmislegt hefur áunnist á þessu kjörtímabili en mikilvægt að halda innleiðingunni áfram af fullum krafti.

**Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri**

### Helstu áherslur eigandastefnunnar

- Borgarráð tilnefni fjóra borgarráðsfulltrúa í tilnefningarnefnd ásamt eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar, sem gerir rökstudda tillögu, byggða á faglegu mati, til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórna, í þeim tilgangi að ná fram bestu samsetningu stjórnar.
- Við tilnefningar í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja er miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess og tiltekinn hluti jafnframt óháður Reykjavíkurborg, þ.e. ekki kjörnir fulltrúar eða starfsmenn Reykjavíkurborgar.
- Þá er stefnt að því að stjórnir séu skipaðar til 4 ára og hluti stjórnar skipaður á 2 ára fresti þannig að tiltekinn varanleiki og þekking séu tryggð frá einum tíma til annars.
- Til að tryggja skýrleika í umboði stjórna fyrirtækjanna er gert ráð fyrir að megin stefnumörkun fyrirtækjanna sé háð samþykki eigendafunda. Ber þar helst að nefna stefnu og framtíðarsýn, fjárhags- og starfsáætlun, stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur, fjárfestingaráætlun og áhættustefnu.
- Kveðið er á um kröfur til skipulags og stjórnarháttanna einkaréttarlegra fyrirtækja sem eigandafyrirsvar mun beita sér fyrir, sem tryggir gegnsæi og áreiðanleika, ásamt fagmennsku og skilvirkni í störfum stjórna og stjórnenda, s.s. afmörkun á hlutverki, umboði og ábyrgð og stjórnarháttum fyrirtækjanna. Sambærilegar kröfur eru gerðar til skipulags og stjórnarháttanna byggðasamlaga.

## Innleiðing Almennrar eigandastefnu Reykjavíkurborgar (AER)

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (AER) frá 2022 er borgarstjóri handhafi eigandafyrirsvars en framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar er í höndum borgarritara, að frátalinni fjárhagslegri framkvæmd og eftirfylgni sem er í höndum sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og innri endurskoðunarþjónustu sem er í höndum Innri endurskoðunar og ráðgjafar og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Eigandafyrirsvar skal leggja fram á fundi borgarráðs allar upplýsingar sem fyrirtækin senda eigendum sínum, s.s. fjárhagsupplýsingar, tillögur fyrir eigendafundi og opinberar stjórnarfundargerðir, ásamt niðurstöðum eigendafunda og skilar árlega skýrslu um störf sín og eftirfylgni með innleiðingu stefnu þessarar.

Eigandafyrirsvar hefur ekki gefið út árlega greinargerð um framkvæmd hlutverks síns, aðallega vegna tíðra borgarstjóraskipta á kjörtímabilinu. En í þessari samantekt er dregið saman hvernig innleiðing AER hefur gengið á þessi fyrsta kjörtímabili hennar 2022 til 2026 og árangur af innleiðingu hennar ásamt yfirliti eigandafyrirsvars um hlutverk sitt.

Samkvæmt 2. gr. í AER gildir eignarhald borgarinnar um þau fyrirtæki sem borgin á a.m.k. 50% eignarhlut í (félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar), sem og þau fyrirtæki þar sem bókfært virði eignarhlutar nemur kr. 100.000.000 eða meira. Ákvæði 1.-4. kafla og kafla 5.1.-5.3. gilda þó um alla eignarhluti Reykjavíkur í fyrirtækjum og stofnframlög borgarinnar. Með hugtakinu „fyrirtæki“ er átt við einkaréttarleg fyrirtæki s.s. hlutafélög, sameignarfélög og samlagsfélög, sem og byggðasamlög skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (SSL). Stefnan tekur ennfremur til dótturfyrirtækja þeirra fyrirtækja sem stefnan tekur til, eftir því sem nánar greinir í stefnunni.

Samkvæmt ársreikningi Reykjavíkurborgar 2022 voru eignarhlutir Reykjavíkurborgar í félögum eftirfarandi:

<b>Félög sem A - hluta Reykjavíkurborgar á yfir 50% eignarhluta:</b>		<b>Bókf. verð í þúsund kr.</b>
Félagsbústaðir hf.	100%	3.240.267
Faxaflóahafnir sf	75,60%	59.111
Orkuveita Reykjavíkur	93,50%	0
Sorpa bs	59%	1.079.409
Strætó bs	60,30%	514.504
Malbik.stöðin Höfði hf	99%	190.575
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	60,80%	1.027.526
Aflvaki hf	54,50%	4.363
<b>Félög sem A - hluta Reykjavíkurborgar á 50% eignarhluta:</b>		
Íprótta- og sýningarhöllin hf.	50%	50.000
Þjóðarleikvangur hf.	50%	5.882
<b>Hlutdeildarfélög, eignarhlutur A - hluta yfir kr. 100.000.000</b>		
Harpa	46%	788.085
Minjavernd hf.	38,30%	107.839
<b>Önnur félög, eignarhlutur A - hluta yfir kr. 100.000.000</b>		
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	17,47%	1.547.831
<b>Dótturfélög Orkuveitu Reykjavíkur</b>		
Ljósleiðarinn ehf.	100%	



OR Eignir ohf	100%
Veitur ohf	100%
Orka náttúrunnar ohf	100%
ON Power ohf	100%
OR vatns- og fráveita sf	100%
Carbfix ohf	100%

Önnur félög, eignarhlutur Orkuveitu yfir kr. 100.000.000

Landsnet hf.	7,80%	5.867.000
--------------	-------	-----------

Innleiðing og eftirfylgni AER

Undirbúningur á innleiðingu AES hófst fljótlega á nýju kjörtímabili af hálfu borgarrítara (sjá tímalínu innleiðingar og eftirfylgnar). Gerð var gróf verkefnaáætlun um innleiðinguna:

Verkátætlun: Almenn eigendastefna RVK Gróf drög að helstu verkliðum	Nánar	Ábyrgð												Athugasemdir					
		Lokib	Mai	Júní	Júlí	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des	Jan	Feb	Mars		Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst
1. Samþykkt og kynning eigendastefnu																			
a) Eigendastefna samþykkt borgarráði		Borgarráð	Lokib																
b) Eigendastefna birt á heimasíðu og sendi hagsðilum		Borgarráð	Lokib																
c) Uppfærsla hlutverka sviða og starfsýsinga stjórnenda eigendafyrirsvars		Borgarráð	Lokib																Endanleg stefna til upplýsingar
d) Nýtt fyrirkomulag áætlanagerðar kynnt fjármálastjórum		FAS	Lokib																
e) Kynningarfundir / fræðsla til hagsðila		Borgarráð	Lokib																hvað á meðal ábendingar um málfléttu á forráðum stjórnar sjálfra
2. Kosning til stjórnar fyrirtækja innan samstæðu																			
a) Ákvörðun um að gera tillögu frestun kosninga í stjórnir		Borgarráð	Lokib																
b) Tillaga til hluthafafunda og samþykkt frestun kosninga í stjórnir		Borgarráð	Lokib																
c) Tillaga til hluthafa um samþ. breytingar v/áætlanagerðar		Borgarráð	Lokib																
d) Skipan tilnefningarnefndar		Borgarráð	Lokib																
e) Starfsreglur tilnefningarnefndar		Tiln.nefnd	Lokib																
f) Gagnaöflun tilnefningarnefndar		Tiln.nefnd	Lokib																
g) Tillögur tilnefningarnefndar til borgarráðs		Tiln.nefnd	Lokib																Matrixur
h) Kosningar í nýjar stjórnir		Borgarráð	Lokib																
i) Kynningarfundir fyrir nýjar stjórnir og stjórnendum um stefnu		Borgarráð	Lokib																Eignarfyrirsvar gerir tillögu um stjórnarmenn utan samstæðu
3. Kortlagning stjórnarhátta fyrirtækja: almenn																			
a) Tengiliðir hjá fyrirtækjum v/innleiðingar skráðir		Borgarráð	Lokib																
b) Öflun upplýsinga um stjórnarhætti		Borgarráð	Lokib																
c) Kortlagning og greining samþykktar		Borgarráð	Lokib																A samstæðugrunni fyrirtækjanna sjálfra
d) Kortlagning og greining stefnumörkunar		Borgarráð	Lokib																Hvæða stefnumörkun á undir eiginsefndum
e) Kortlagning og greining ársreikninga		Borgarráð	Lokib																Hverning er upplýsingagjöf háttáð skv. 12. gr.
f) Kortlagning starfsreglna og síðareglur		Borgarráð	Lokib																Starfsreglur stjórnar, síðareglur
g) Kortlagning annarrar upplýsingagjafar		Borgarráð	Lokib																UFS, NASDAQ og annað - Samstarf við FAS og ENDSK nefnd
h) Ndurstæða greiningar		Borgarráð	Lokib																
i) Forgangsröðun aðgerða		Borgarráð	Lokib																Samstarf við FAS og ENDSK nefnd
4. Innleiðing stjórnarhátta innan samstæðu																			
a) Skilgreining fjárhagslegra mælikvarða		FAS	Lokib																
b) Uppsetning á nýjum samþykktum		Borgarráð	Lokib																Staðlað form sem er aðlagð að hverju fyrirtæki + stefnur
c) Samþykkt við stjórnir og minni hluthafa v/samb. breytinga		Borgarráð	Lokib																
d) Samþykkt við stjórnir og minni hluthafa v/stefnumörkunar		Borgarráð	Lokib																Kynning á fyrirkomulagum tillögum um breytingar á samþykktum
e) Ábendingar til stjórnar um upplýsingagjöf í ársreikningi v/2022		Borgarráð	Lokib																Kynning á fyrirkomulagum tillögum vegna stefnumörkunar
f) Ábendingar til stjórnar varðandi starfs- og síðareglur		Borgarráð	Lokib																Samkvæmt ndurstæðu kortlagningar að framan - FAS
g) Ábendingar til stjórnar varðandi aðrar upplýsingar		Borgarráð	Lokib																Samkvæmt ndurstæðu kortlagningar að framan - FAS
h) Tillögur um breytingar lagðar fyrir aðalfundi 2023		Borgarráð	Lokib																
i) Nýjar samþykktir taka gildi / viðbrögð ef tillögur eru ekki samþykktar		Borgarráð	Lokib																
5. Innleiðing stjórnarhátta utan samstæðu																			
a) Kynning á stefnu og fyrirkomulagi kortlagningu		Borgarráð	Lokib																
b) Tengiliðir / starfsreglur v/Þrópu og Minjaveind		Borgarráð	Lokib																
c) Kynning á ndurstæðu kortlagningar og forgangsöðunar		Borgarráð	Lokib																Nett að kynna nýja stefnu og fyrirkomulag innleiðingu
d) Viðbrögð um innleiðingu - Harpa og Minjaveind?		Borgarráð	Lokib																Markmið að klára innleiðingu á aðalfundum 2023

Verkátætlunin var höfð að leiðarljósi við innleiðingarferlið. Borgarráð samþykkti 18. ágúst 2022 erindisbréf um nefnd um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar. Tilnefningarnefndin hefur samkvæmt gr. 5.4 í AER það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækjanna, og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna). Tilgangur með skipan tilnefningarnefndar er að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila. Tók tilnefningarnefndin þegar til starfa og hélt sinn fyrsta fund 5. september 2022 og setti sér starfsreglur og hafði til viðmiðunar stjórnarmatrixur, þ.e. bæði almenna og sérstaka matrixu fyrir einstök félög til þess að stilla upp bestu mögulegri samsetningu háðra og óháðra fulltrúa vegna tilnefninga í stjórnir B-hlutafélaga. Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óháði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni.

Kosið var í stjórnir B-hlutafélaganna samkvæmt AER frá og með 2023 þar sem tilnefninganefnd borgarráðs lagði fram tillögur til borgarráðs. Samið var við Vinnvinn um að auglýsa eftir óháðum aðilum og halda utan um ferlið í samstarfi við tilnefninganefnd borgarráðs þar sem það átti við. Sem dæmi var [auglýst var eftir óháðum fulltrúum](#) í stjórn Félagsbústaða en aðili telst óháður félaginu og Reykjavíkurborg samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti hverju sinni.

Um haustið 2022, í kjölfar undanfarabréfs, var farið í fundaherferð til að kynna AER í stjórnnum þeirra félaga sem falla undir skilgreiningar eigendastefnunnar sem og til meðeiganda Reykjavíkurborgar í Faxaflóahöfnum sf., Orkuveitu Reykjavíkur hf. og Hörpu hf. Veturinn 2022 til 2023 var AER kynnt fyrir stjórn Hörpu, stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaða, stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, SORPU, Strætó og Minjavernd. Jafnframt var kallað eftir gögnum frá B-hlutafélögnum til þess að kortleggja stjórnarhætti fyrirtækjanna til að undirbúa nýjar samþykktir fyrir þau. Þessi vinna gekk með ágætum og var að mestu lokið vorið 2023 og næstu skref undirbúin. Í kjölfarið var unnið sniðmát sem var hugsað sem grunnur fyrir nýjar samþykktir fyrir flest B-hlutafélögin í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið, borgarlögmann og fleiri. Síðan átti að aðlaga sniðmátið að hverju og einu félaginu.

Haustið 2023 var farið, í kjölfar undanfarabréfs, í aðra fundarherferð til B-hlutafélaganna og meðeiganda til að kynna drög að nýjum sniðmátum fyrir samþykktir B-hlutafélaga. Fyrsti fundurinn var með stjórn Faxaflóahafna 29. nóv. 2023 og síðan tóku við fundir með fjármálaráðuneyti vegna Hörpu, stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða, eigendaneftnd Hörpu, formanni, framkvæmdastjóra og yfirlögfræðingi Orkuveitu Reykjavíkur, stjórn Félagsbústaða, stjórn Minjastofnunar, stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar og með meðeigendum, þ.e. á sameiginlegum fundi með sveitarstjórnnum Akranes, Borgarnes og Hvalfjarðarsveit vegna Faxaflóahafna.

Þá fundaði formaður tilnefninganefndar borgarráðs og borgarritari með fjármálaráðherra um innleiðingu góðra stjórnarháttanna 2. febrúar 2025 og með atvinnuvegaráðherra 5. febrúar sama ár. Jafnframt var haldið námskeið á vegum Reykjavíkurborgar um góða stjórnarhætti fyrir borgarfulltrúa og óháða fulltrúa í stjórnnum B-hlutafélaga í febrúar og apríl 2025 sem Helga Hlín Hákonardóttir lögfræðingur og sérfræðingur í góðum stjórnarháttum sá um en hún hefur jafnframt verið til ráðgjafar vegna innleiðingu AER.

### **Umboð eigandafyrirsvars til beitingar réttinda Reykjavíkurborgar**

Samkvæmt gr. 4.4 í AER tekur umboð eigandafyrirsvars til beitingar réttinda Reykjavíkurborgar sem eiganda, s.s. til meðferðar atkvæðisréttar, tillögugerðar eigenda og upplýsingarétti, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum og góðum stjórnarháttum, AER og takmörkunum annarra eigendastefna og hluthafasamkomulaga sem Reykjavíkurborg er aðili að. Umboð eigandafyrirsvars til beitingar réttinda Reykjavíkurborgar sem eiganda er háð samþykki borgarráðs vegna breytinga á ákvæðum stofnsamninga og samþykta fyrirtækjanna, tillögugerðar eigandafyrirsvars á eigendafundum fyrirtækjanna, s.s. aðalfundum, hluthafafundum, ársfundum o.þ.h., beitingar atkvæðisréttar á slíkum eigendafundum vegna framlagðra tillagna annarra en þeirra sem snúa að formi og framkvæmd fundar og vegna gerðar sértækra eiganda- eða eigendastefna og hluthafasamkomulaga vegna fyrirtækjanna. Eigandafyrirsvar fer með umboð vegna fyrirtækja sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr., en leggur mál sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar fyrir borgarráð til samþykktar, í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

Til að uppfylla þessar kröfur AER var undirbúið verklag með þeim hætti að allar tillögur stjórna fyrir aðal- og eigendafundi B-hlutafélaga færu ávallt fyrir borgarráð og eftir atvikum borgarstjórnar til afgreiðslu svo eigandafyrirsvar hefði skýrt umboð á viðkomandi aðal- og eigendafundi. Gerður var ferill vegna móttöku gagna fyrir B-hlutafélög inn í borgarráð þar sem fundaboð B-hlutafélaga sem heyra undir AER vegna aðal- og eigendafunda sem eiga að fara fyrir borgarráð, skal að jafnaði senda með þriggja vikna fyrirvara á borgarritara til undirbúnings. Fundaboð og fundagögn frá B-

hlutafélögum og afgreiðsla borgarráðs vegna tillagana fyrir viðkomandi aðalfund fara inn í trúnaðarbók borgarráðs fram yfir dagsettan aðal- eða eigendafund viðkomandi félags. Afgreiðsla málsins ásamt fundaboði og fylgigögnum, fyrir utan trúnaðarmerkt gögn, skal færa úr trúnaðarbók á næsta fundi borgarráðs þar á eftir. Skrifstofa borgarstjórnar skal gera slíkt í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Þá voru tillögur tilnefninganefndar borgarráðs um kjör í stjórnir B-hlutafélaga einnig lagðar fyrir borgarráð í samræmi við erindisbréf. Hefur þetta verklag hefur heilt yfir gengið vel fyrir sig á kjörtímabilinu.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarviðs (FAS) ber ábyrgð á fjárhagslegri eftirfylgni og eftirliti með fyrirtækjunum, þ.e. aðkomu að fjárhagáætlun þeirra sbr. 9. gr. AER og eftirfylgni og eftirliti með afkomu og upplýsingagjöf þeirra um fjárhagslega þætti og þróun fjárhagslegra mælikvarða. Þessi fjárhagslega eftirfylgni hefur heilt yfir gengið með ágætum á kjörtímabilinu og mikilvægt að sviðsstjóri FAS geti sinnt þessari skyldu sinni. Umfang þessa eftirlits hefur aukist á kjörtímabilinu enda hefur FAS jafnframt þurft að veita umsagnir til borgarráðs um stór mál, m.a. í samsarfi við borgarlögmenn. Til þess að efla eftirlitið og samstarfið hefur FAS bætt við stöðugildi sem sinnir þessi verkefni sérstaklega með sviðsstjóra.

### Staðan á endurskoðun stofnsamþykktar einkaréttarlegra fyrirtækja

Samkvæmt 12. gr. AER skal Reykjavíkurborg beita sér fyrir því að stofnsamþykktir einkaréttarlegra fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um ýmsa upplýsingagjöf þeirra.

Upplýsingagjöfin skal vera skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Einnig að að ársreikningar séu gerðir í samræmi við IFRS uppgjörstaðla. Hluti af innleiðingarferli AER hefur verið að endurskoða stofnsamþykktir einkaréttarlegra fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar líkt og áður hefur verið vikið að. Staðan á endurskoðun og innleiðingu stofnsamþykktar og á fyrirkomulagi stjórnarkjörs samkvæmt AER er eftirfarandi:

B-hlutafélag	Samþykktir	Stjórnarkjör	Annað
Faxalóahafnir hf.	Borgarráð <a href="#">samþykkti tillögur</a> fyrir aðalfund Faxalóahafna sf. á fundi sínum 13. júní 2024, þar á meðal drög að nýjum sameignarfélagssamningi Faxalóahafna sf. Búið var að kynna drögin fyrir meðeigendum og stjórn félagsins. Á aðalfundi Faxalóahafna sf. 21. júní 2024 var niðurstaðan að fresta afgreiðslu sameignarfélagssamningsins þar sem krafa meðeigenda Reykjavíkurborgar var að ljúka fyrst við gerð arðgreiðslustefnu áður en sameignarfélagssamningurinn verði tekinn formlega fyrir á aðalfundi.	Tilnefninganefnd borgarráðs hefur lagt fram tillögur um stjórnarkjör fyrir borgarráð/borgarstjórn í samræmi við AER.	Vinna við nýja arðgreiðslustefnu er ekki lokið.
Félagsbústaðir hf.	Drög að uppfærðum heildar samþykktum voru tilbúna fyrir aðalfundinn 2024 og búið að fara yfir með stjórn félagsins. En samþykktirnar voru ekki teknar fyrir á aðalfundi þar sem ágreiningur var um hvort velferðarráð eða stjórn Félagsbústaða hf. eigi að taka ákvörðun um leiguverðshækkun hverju sinni. Sá ágreiningur er enn óleystur.	Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. janúar 2023 að <a href="#">breyta 19. gr. samþykktar Félagsbústaða með þeim hætti að fjölga stjórnarmönnum úr 3 í 5</a> sem er í samræmi við nýja AER. Þar segir m.a.: „Stjórn félagsins skal skipuð allt að fimm mönnum og fimm til vara. Meirihluti stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, skal vera óháður félaginu og stjórnendum þess og þar af skulu tveir einnig vera óháðir Reykjavíkurborg. Við mat á óhæði skal horft til	

		<p>skilgreiningar um óháða stjórnarmenn í leiðbeiningum Viðskiptaráðs, eins og þær eru hverju sinni. Kjörgengir í stjórn félagsins eru þeir sem tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar hefur tilnefnt til setu í stjórn félagsins og borgarráð Reykjavíkurborgar samþykkt.“</p> <p>Tillagan var samþykkt á hluthafafundi Félagsbústaða 2. febrúar 2023.</p>	
Malbikunarstöðin Höfði hf.	<p>Nýjar samþykktir í samræmi við AER voru lagðar fram og samþykktar í borgarráði 24. júní 2024. Þær voru svo lagðar fram á aðalfundi félagsins 27. júní 2024 og samþykktar af eigandafyrirsvari í samræmi við samþykkt borgarráðs.</p>	<p>Kjörið var í stjórn félagsins í samræmi við samþykkt borgarráðs sem byggði á tillögu tilnefninganefndar.</p>	<p>Samstofnþykktir félagsins eru í samræmi við AER.</p>
Orkuveita Reykjavíkur	<p>Erindisbréf eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur var samþykkt í borgarráði 18. desember 2025. Helstu verkefni eru rýni og mótun tillagna að endurskoðun eigendastefnu, m.a. með hliðsjón af nýrri heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur. Mótun tillagna að breytingum á lögum, reglugerð, sameignarsamningi, samþykktum og félagiformi, eftir því sem þörf krefur. Tillögur verði lagðar fyrir sveitarstjórnir eigenda til samþykktar.</p>	<p>Tilnefninganefnd borgarráðs hefur lagt fram tillögur um stjórnarkjör ár hvert fyrir borgarráð í samræmi við AER um háða og óháða stjórnarfulltrúa og gildandi samþykktir.</p>	<p>Athygli er vakin á því að AER tekur enn fremur til dótturfyrirtækja þeirra fyrirtækja sem stefnan tekur til, eftir því sem nánar greinir í stefnunni. Þarf að skoða nánar á vettvangi nýrrar eigendanefndar.</p>
SORPA bs. Strætó bs. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	<p>Reykjavíkurborg beitir sér sem eigandi fyrir því að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna séu í samræmi við lög sem gilda um rekstrarform þeirra hverju sinni hvort sem það eru einkaréttarleg fyrirtæki eða byggðasamlög.</p> <p>Varðandi byggðasamlög að þá kemur fram í AER að stofnsamningar kveði á um skýrt og skilvirkt skipulag og stjórnarhætti varðandi hlutverk, umboð og ábyrgð sveitarfélaga, stefnuráða, stjórnar og framkvæmdastjóra byggðasamlaganna. Ekki hefur verið talin ástæða til að gera breytingar á stofnsamningum byggðasamlaga á þessu stigi.</p>		
Íþrótt- og sýningarhöllin hf.	<p>Nýjar samþykktir voru lagðar fram og samþykktar á aðalfundi félagsins 21. maí 2025 í kjölfar þess að samþykktirnar voru samþykktar í borgarráði 15. maí 2025. Nýjar samþykktir voru unnar í samráði við meðeigendur, Samtök iðnaðarins.</p>	<p>Á fundi borgarráðs 8. maí 2025 var samþykkt tillaga tilnefningarnefndar um fulltrúa Reykjavíkur-borgar í stjórn íþrótt- og sýningahallarinnar. Staðfest af eigandafyrirsvari á aðalfundi 21. maí 2025</p>	<p>Samþykktir félagsins eru í samræmi við AER.</p>
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf	<p>Rætt hefur verið á eigendavettvangi, með fulltrúum ríkisins, um endurskoðun á samþykktum fyrir félagið. Sú vinna er ekki hafin.</p>	<p>Tilnefninganefnd borgarráðs hefur lagt fram tillögur til borgarráðs um stjórnarkjör ár hvert.</p>	

Minjavernd hf.	Uppfærðar samþykktir voru lagðar fram og samþykktar á aðalfundi félagsins 27. maí 2025 í kjölfar þess að samþykktirnar voru samþykktar í borgarráði 15. maí 2025. Breytingin fólst í því að fækka stjórnarmönnum úr 5 í 3.	Tilnefninganefnd borgarráðs hefur lagt fram tillögur til borgarráðs um stjórnarkjör ár hvert.	Samþykktir félagsins eru í samræmi við AER.
----------------	--	---	---

## Tímalína innleiðingar AER – Helstu fundir og verkefni borgarstjóra og borgarritara

### 2022

28. apríl AER samþykkt í borgarráði  
 3. maí AER samþykkt í borgarstjórn  
 24. maí Fyrsti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 24. júní Annar undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 15. júlí Þriðji undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 22. júlí Þriðji undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 29. júlí Þriðji undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 5. ágúst Fjórði undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 12. ágúst Fimmti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 18. ágúst Borgarráð samþykkir erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar.  
 19. ágúst Sjötti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 25. ágúst Fundur um hlutverk FAS í AER  
 29. ágúst Undirbúningsfundur vegna tilnefninganefndar  
 2. sept. Sjöundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 5. sept. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 9. sept. Áttundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 13. sept. Fundur: Tilnefninganefnd og umsóknakerfi  
 15. sept. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 16. sept. Niundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 22. sept. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 29. sept. Kynning á AER fyrir stjórn Hörpu  
 29. sept. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 4. okt. Kynning á AER fyrir stjórn Malbikunarst. Höfða  
 6. okt. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 7. okt. Tíundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 12. okt. Kynning á AER fyrir stjórn Faxaflóahafna  
 13. okt. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 14. okt. Ellefti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 20. okt. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 27. okt. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 31. okt. Kynning á AER fyrir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur  
 3. nóv. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 4. nóv. Tólfti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 10. nóv. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 17. nóv. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 17. nóv. Fundur með fulltrúum ríkisins um eigandastefnur borgar og ríkis  
 18. nóv. Kynning á AER fyrir stjórn Strætó bs.  
 24. nóv. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 25. nóv. Kynning á AER fyrir stjórn Sorpu bs.  
 25. nóv. Þrettándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 28. nóv. Kynning á AER fyrir stjórn Slökkvél. höfuðborgarsv.  
 1. des. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 13. des. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 19. des. Kynning á AER fyrir stjórn Minjaverndar

### 2023

26. jan. Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aukaaðalfund Félagsbústaða hf.  
 3. feb. Fjórtdandi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 2. mars Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 6. mars Fimmtándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 8. mars Fundur með framkvæmdastj. Félagsbústaða vegna endurskoðun á samþykku Félagsbústaða  
 9. mars Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs

13. mars Sextándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 16. mars Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 20. mars Sautjándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 27. mars Áttjándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 4. apríl Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 4. apríl Níttjándi undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 13. apríl Undirbúningsfundur eigandaneftdar fyrir aðalfund Hörpu  
 24. apríl Tuttugasti undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 26. apríl Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur  
 26. apríl Aðalfundur Hörpu  
 4. maí Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 5. maí Fundur í eigandaneftnd Hörpu  
 8. maí Tuttugasti og fyrsti undirbúningsf. á innleiðingu AER  
 22. maí Fundur í eigandaneftnd Hörpu  
 24. maí Aðalfundur Malbikunarstöðvarinnar Höfða  
 25. maí Aðalfundur Félagsbústaða  
 29. maí Tuttugasti og annar undirbúningsf. á innleiðingu AER  
 12. júní Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 19. júní Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 27. júní Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 29. júní Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Faxaflóahafna sf.  
 30. júní Aðalfundur Faxaflóahafna  
 14. ágúst Undirbúningsfundur með formanni tilnefninganefndar borgarráðs  
 7. sept. Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 19. sept. Tuttugasti og annar undirbúningsfundur á innleiðingu AER  
 28. sept. Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs  
 3. okt. Tuttugasti og þriðji undirbúningsf. á innleiðingu AER  
 4. okt. Hluthafafundur hjá Félagsbústöðum hf.  
 17. okt. Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 14. nóv. Fundur um drög að sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga  
 28. nóv. Tuttugasti og fjórði undirbúningsf. á innleiðingu AER  
 29. nóv. Kynning á sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga með stjórn Faxaflóahafna  
 29. nóv. Kynning á sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga með fulltrúa fjármálaráðuneytisins  
 4. des. Kynning á sniðmáti fyrir samþykktir B-hlutfélaga með stjórn Malbikunarstöðvarinnar Höfða  
 7. des. Fundur í eigandaneftnd Hörpu  
 14. des. Fund með formanni stjórnar, framkvæmdastj. og yfirlögfr. OR vegna samþykta og eigendast.

### 2024

8. jan. Fundur borgarstjóra með formanni og framkvæmdastjóra Faxaflóahafna  
 2. feb. Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur  
 14. feb. Ræsfundur viðræðna Orkuveitunnar og Reykjavíkurborgar um Elliðaárdal

14. feb.	Tuttugasti og fimmti undirbúningsfundur á innleiðingu AER	18. okt.	Fundur í eigendanefnd Hörpu
21. feb.	Tuttugasti og sjötti undirbúningsf. á innleiðingu AER	24. okt.	Fundur með stjórnarform. Þjóðarleikvangs og formanni KSÍ, eftirfylgni aðalfundar
23. feb.	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	28. okt.	Fundur með sviðsstjóra, skrifstofustjóra, áhættustjóra og sérfr. FAS vegna Félagsbústaða
26. feb.	Fundur með framkv.stjóra Félagsbústaða vegna endurskoðaðra samþykta félagsins	7. nóv.	Kynning og samráð vegna Sameignarfélagssamning Faxaflóahafna með fulltrúum meðeigenda, frá Akranesi, Borgarnesi og Hvalfjarðarsveit
27. feb.	Undirbúningsfundur vegna stefnumótunar um þolmörk skemmtiferðaskipa í Reykjavík	14. nóv.	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs
28. feb.	Tuttugasti og sjöundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER	15. nóv.	Stjórnarfundur Þjóðarleikvangs ehf. þar sem fulltrúar eigenda sátu fundinn.
29. feb.	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	25. nóv.	Þrítugasti og fyrsti undirbúningsf. á innleiðingu AER
1. mars	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	27. nóv.	Fundur með USK og fulltrúum Malbik. Höfða vegna lóðamála að Sævarhöfða 6-10
7. mars	Tuttugasti og áttundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER	6. des.	Fundur með borgarlögmanni og fulltrúar fjármálaráðuneytis vegna samþykta Hörpu
8. mars	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	16. des.	Fundur borgarstjóra með borgarstjóra, oddvitum, fulltrúum USK og Faxaflóahafna vegna skipulagsmála Faxaflóahafna
13. mars	Fundur vegna samþykktar B-hlutafélaga	23. des.	Fundur með sviðsstjóra, skrifstofustjóra, áhættustjóra og sérfr. FAS vegna Félagsbústaða
15. mars	Fundur með OR vegna Elliðaárdals		
18. mars	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	2025	
21. mars	Aðalfundur Íþrótt- og sýningarhallarinnar	7. jan.	Fundur spretthóps vegna málefna Félagsbústaða
21. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Félagsbústaða hf.	9. jan.	Fundur með sviðsstjóra FAS með framkvæmdastj. Félagsb. vegna ársins 2025
21. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund félagsbústaða	10. jan.	Eigendafundur OR
22. mars	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	15. jan.	Skilafundur með OR vegna Elliðaárdals
22. mars	Fundur vegna samþykktar B-hlutafélaga	17. jan.	Vinnufundur eigenda Hörpu með sfm. og fr. vegna langtímasamnings eigenda við Hörpu
26. mars	Aðalfundur Félagsbústaða hf.	30. jan.	Vinnufundur eigenda Hörpu með sfm. og fr. vegna langtímasamnings eigenda við Hörpu
5. apríl	Fundur vegna samþykktar B-hlutafélaga	3. feb.	Fundur formanns tilnefninganefndar með fjármálaráðherra vegna komandi aðalfunda og innleiðingu góðra stjórnarháttá.
10. apríl	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	5. feb.	Fundur formanns tilnefninganefndar með atvinnuvegaráðherra vegna leiðbeiningar OECD til Íslands um góða stjórnarhætti í stjórnun fyrirtækja og stofnana í opinberri eigu
11. apríl	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastj. og stjórnarf. Malb. Höfða	27. feb.	Námskeið I á vegum RVK fyrir borgarfulltrúa og óháða fulltrúa í stjórnnum B-hlutafélaga
11. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa R.borgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur	12. mars	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs
12. apríl	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	20. mars	Aðalfundur Hörpu
15. apríl	Fundur með framkv.stj., stjórnarf. og yfirlögfr. vegna ath.semnda borgarráðs við stefnu OR	21. mars	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs
17. apríl	Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur	24. mars	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni. Félagsbústaða
17. apríl	Fundur með USK og fulltrúum Malbik. Höfða vegna lóðamála að Sævarhöfða 6-10	24. mars	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Faxaflóahafna
19. apríl	Fundur með OR vegna Elliðaárdals	26. mars	Fundur borgarstjóra með stjórnarform., framkv.stj. og yfirlögfræðingi OR, framkvæmdastj. Carbox og framkvæmdastj. Ljósleiðarans
24. apríl	Aðalfundur Hörpu	27. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.
2. maí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.	27. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.
2. maí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Minjaverndar hf.	27. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Félagsbústaða
8. maí	Tuttugasti og níundi undirbúningsfundur á innleiðingu AER	27. mars	Aðalfundur Félagsbústaða
27. maí	Þrítugasti undirbúningsfundur á innleiðingu AER	31. mars	Aðalfundur Hörpu
3. júní	Undirbúningsf. vegna aðalfundar Malb. Höfða með framkv. og stjórnarf. um nýjar samþykktir	2. apríl	Námskeið II á vegum RVK fyrir borgarfulltrúa og óháða fulltrúa í stjórnnum B-hlutafélaga
5. júní	Fundur með stjórnarf. og framkv. Faxaflóahafna um nýjan sameignarfélagssamning	2. apríl	Fundur á vegum Skógræktararf. Rvík. sem fulltrúar RVK, OR og Veitur sátu vegna Heiðmarkar.
11. júní	Fundur borgarstj. með stjórnarf., framkv.stj., borgarlögm. og skrifstofustj. FAS um málefni OR	10. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn SORPU bs.
13. júní	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir Faxaflóahafna sf.	10. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund SORPU
27. júní	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Malbikunarstöðvarinnar Höfða	14. apríl	Eigendafundur Strætó, áhættumat vegna starfsemi nýs félags
27. júní	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Faxaflóahafnar sf.	30. apríl	Kynning á nýjum samþykktum fyrir fulltrúa Íþrótt- og sýningarhallarinnar
27. júní	Aðalfundur Malbikunarstöðvarinnar Höfða		
1. júlí	Fundur með framkvæmdastjóra SI vegna nýrra samþykta fyrir Íþrótt- og sýningarhöllina		
11. júlí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur		
11. júlí	Samþykktar umsagnir um stefnur Orkuveitu Reykjavíkur.		
19. ágúst	Fundur með IE, form. endursk.nefndar og stjórnarf. Faxaflóahafna vegna innri end. fyrir fél.		
27. ágúst	Fundur með framkvæmdastjóra Félagsbústaða vegna ýmissa mála		
3. okt.	Undirbúningur fyrir aðalfund Markaðsstofu höfuðb.		
11. okt.	Aðalfundur Þjóðarleikvangs ehf.		

2. maí	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf.	26. sept.	Fundur með borgarlögmanni og sviðsstjóra FAS vegna B-hlutfélaga
2. maí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur sf.	26. sept.	Fundur borgarstjóra með mennta- og barnamálaráðherra vegna málefna Þjóðarleikvangs
5. maí	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	9. okt.	Fundur með sviðsstjóra FAS og spretthópi vegna Félagsbústaða
16. maí	Vinnufundur eigenda Hörpu með sfm. og fr. vegna langtímasamnings eigenda við Hörpu	15. okt.	Fundur með borgarlögmanni og sviðsstjóra og skrifstofustjóra FAS vegna B-hlutfélaga
19. maí	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	Eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur	
21. maí	Aðalfundur Íþróttar- og sýningarhallarinnar	3. des.	Fundur eigendanevndar Hörpu
27. maí	Fundur með fulltrúa borgarinnar og sviðsstjóra FAS vegna málefna Þjóðarhallar	22. des.	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Félagsbústaða
27. maí	Aðalfundur Minjaverndar		
4. júní	Aðalfundur Faxaflóahafna		
19. júní	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	<b>2026</b>	
24. júní	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs	7. jan.	Ræsfundur eigendanevndar Orkuveitunnar
26. júní	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Prúnarfélagsins Grundartanga ehf.	14. jan.	Innkoma á stjórnarfund Félagsbústaða með sviðsstjóra og áhættustj. FAS vegna skýrslu
26. júní	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf.	14. jan.	Innkoma á velferðarráðsfund með sviðsstjóra og áhættustj. FAS vegna skýrslu Félagsbústaða
26. júní	Aðalfundur Malbikunarstöðvarinnar Höfða	20. jan	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs
30. júní	Aðalfundur Þjóðarhallar	28. jan.	Fundur í eigendanevnd Orkuveitunnar
30. júní	Aðalfundur Prúnarfélags Grundartanga	11. feb.	Fundur í eigendanevnd Orkuveitunnar
10. júlí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Íþróttar- og sýningarhallarinnar hf.	18. feb.	Fundur með fulltrúa RVK í stjórnnum Þjóðarhallar og Íþróttar- og sýningarhallar v. aðalfunda
10. júlí	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Minjaverndar hf.	25. feb.	Fundur í eigendanevnd Orkuveitunnar
13. ágúst	Fundur borgarstjóra með stjórnarf. og framkv.stj. Hörpu, kynningu á starfsemi félagsins	5. mars	Fundur í tilnefninganefnd borgarráðs
21. ágúst	Fundur með framkvæmdastjóra Markaðsstofu höfuðborgarsvæðis v. aðalfundar	26. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.
25. ágúst	Aðalfundur Þjóðarleikvangs	26. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
28. ágúst	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Þjóðarleikvangs ehf.	26. mars	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Íþróttar- og sýningarhallarinnar hf.
18. sept.	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins ses.	16. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.
22. sept.	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Félagsbústaða	16. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Félagsbústaða hf.
22. sept.	Fundur borgarstjóra með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Faxaflóahafna	16. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Sorpu
		16. apríl	Samþykktar tillögur borgarráðs fyrir aðalfund Strætó

### Ársreikningar:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-05/7.\\_greinargerð\\_b-hluta\\_felaga\\_med\\_arsreikningi\\_2023\\_-\\_fas24010051.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-05/7._greinargerð_b-hluta_felaga_med_arsreikningi_2023_-_fas24010051.pdf)

### Árs- og árshlutareikningar B-hlutfélaga – Greinargerð:

**2025:** [https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/1.%20Greinarger%C3%B0%20B-](https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/1.%20Greinarger%C3%B0%20B-hluta%20f%C3%A9laga%20me%C3%B0%20C3%A1rsreikningi%20Reykjav%C3%ADkurborgar%202025.pdf)

[hluta%20f%C3%A9laga%20me%C3%B0%20C3%A1rsreikningi%20Reykjav%C3%ADkurborgar%202025.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2026-04/1.%20Greinarger%C3%B0%20B-hluta%20f%C3%A9laga%20me%C3%B0%20C3%A1rsreikningi%20Reykjav%C3%ADkurborgar%202025.pdf)

**2024:** <https://reykjavik.is/sites/default/files/2025-05/greinargerð-b-hluta-felaga-med-arsreikningi-2024.pdf>

**2023:** [https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-05/7.\\_greinargerð\\_b-hluta\\_felaga\\_med\\_arsreikningi\\_2023\\_-\\_fas24010051.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2024-05/7._greinargerð_b-hluta_felaga_med_arsreikningi_2023_-_fas24010051.pdf)

## Eignarhlutir Reykjavíkurborgar í félögum 2022:

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		A-hluti	A- og B-hluti
	A-hluti	A- og B-hluti	Bókfært verð	Bókfært verð
<b>Dótturfélög</b>				
Aflvaki hf. ....	54,5%	95,7%	4.363	
Félagsbústaðir hf. ....	100,0%	100,0%	3.240.267	
Íþróttá- og sýningahöllin hf. ....	50,0%	50,0%	50.000	
Jafnlaunastofa sf. ....	50,0%	50,0%	500	
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....	99,0%	100,0%	190.575	
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	60,8%	60,8%	1.027.526	
Sorpa bs. ....	58,3%	58,3%	1.361.109	
Strætó bs. ....	60,3%	60,3%	514.504	
Orkuveita Reykjavíkur ....	93,5%	93,5%	0	
Faxaflóahafnir sf. ....	75,6%	75,6%	59.111	
Þjóðarleikvangur ehf. ....	50,0%	50,0%	5.882	
<b>Samtals dótturfélög</b>			<b>6.453.837</b>	
<b>Hlutdeildarfélög</b>				
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. ....	46,0%	46,0%	788.085	0
Situs ehf. ....	46,0%	46,0%	1.885	1.885
Minjavernd hf. ....	38,3%	38,3%	60.486	60.486
Metan hf. ....		58,3%		11.307
Íslensk Nýorka ....		27,6%		31.212
Netorka hf. ....		38,4%		46.657
Orkuskipting REYST hf. ....		45,0%		3.395
<b>Samtals hlutdeildarfélög</b>			<b>850.456</b>	<b>154.941</b>
<b>Önnur félög</b>				
Betri samgöngur ohf. ....	14,1%	14,1%	563	563
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	17,47%	17,47%	1.547.831	1.547.831
Galantaterm ....		3,80%		13.082
Keilir ....		12,10%		18.500
Landskerfi bókasafna hf. ....	20,60%	20,60%	29.524	29.524
Rekstrarfélagið Stæði ehf. ....	22,97%	22,97%	919	919
DMM lausnir ehf. ....		13,41%		23.898
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. ....	5,44%	5,44%	11.688	11.688
Halakot ehf. ....		75,60%		1.511
Vatnsveita Hvalfjarðarsveitar sf. ....		38,00%		57.030
Próunarfélag Grundatanga ehf. ....	16,67%	25,2%	750	1.317
Önnur félög ....			40	537
<b>Samtals önnur félög</b>			<b>1.591.314</b>	<b>1.706.399</b>

Fjárfesting B-hluta á árinu sundurliðast þannig:

Faxaflóahafnir sf. ....	762.111	1.427.990
Félagsbústaðir hf. ....	3.566.393	3.988.014
Orkuveita Reykjavíkur ....	21.166.802	20.584.657
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	51.218	225.620
Strætó bs ....	54.302	293.306
Sorpa bs ....	307.746	559.227
Önnur B-hluta fyrirtæki ....	366.140	164.000
<b>Fjárfesting B-hluta</b>	<b>26.274.712</b>	<b>27.242.813</b>

Heimild: Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2022.

# Eignarhlutir Reykjavíkurborgar í félögum 2025:

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		A-hluti	A- og B-hluti
	A-hluti	A- og B-hluti	Bókfært verð	Bókfært verð
<b>Dótturfélög</b>				
Félagsbústaðir hf. ....	100,0%	100,0%	3.240.267	0
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	60,8%	60,8%	1.027.526	0
Sorpa bs. ....	58,3%	58,3%	1.361.109	0
Strætó bs. ....	60,3%	60,3%	514.504	0
Malbikunarstöðin Höfði hf. ....	100,0%	100,0%	197.677	0
Faxaflóahafnir sf. ....	75,6%	75,6%	59.111	0
Íþrótt- og sýningahöllin hf. ....	50,0%	50,0%	50.000	0
Þjóðarleikvangur ehf. ....	50,0%	50,0%	5.882	0
Jafnlaunastofa sf. ....	50,0%	50,0%	500	0
Orkuveita Reykjavíkur ....	93,5%	93,5%	0	0
<b>Samtals dótturfélög</b>			<b>6.456.576</b>	<b>0</b>
<b>Hlutdeildarfélög</b>				
	Eignarhlutur		Bókfært verð	Bókfært verð
	A-hluti	A- og B-hluti		
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhúsh hf. ....	46,0%	46,0%	788.085	0
Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. ....	37,7%	37,7%	377.200	377.200
Minjavernd hf. ....	38,3%	38,3%	60.486	71.037
Situs ehf. ....	46,0%	46,0%	1.885	1.885
Netorka hf. ....		38,4%		70.844
Íslensk Nýorka ....		27,6%		17.376
Orkuskipti REYST hf. ....		45,0%		3.423
<b>Samtals hlutdeildarfélög</b>			<b>1.227.656</b>	<b>541.765</b>
<b>Önnur félög</b>				
Lánasjóður sveitarfélaga ohf. ....	17,47%	17,47%	1.547.831	1.547.831
Þjóðarhöll ehf. ....	45,00%	45,00%	1.104.500	1.104.500
Landskerfi bókasafna hf. ....	20,60%	20,60%	29.524	29.524
Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf. ....	5,44%	5,44%	11.688	11.688
Þróunarfélag Grundatanga ehf. ....	16,67%	25,2%	750	1.412
Betri samgöngur ohf. ....	0,0038%	0,0038%	563	563
Landsnet hf. * ....		6,78%		6.207.000
Vatnsveita Hvalfjarðarsveitar sf. ....		38,00%		48.264
DMM lausnir ehf. * ....		13,41%		23.898
Halakot ehf. ....		75,60%		389
Önnur félög ....			7	304
<b>Samtals önnur félög</b>			<b>2.694.863</b>	<b>8.975.373</b>
<b>Samtals eignarhlutir í félögum</b>			<b>10.379.094</b>	<b>9.517.138</b>

Betri samgöngur ohf. var stofnað árið 2020. Innborgað hlutfé frá ríkinu nam 3,0 m.kr. og frá sveitarfélagunum samtals 1,0 m.kr. Á árinu 2022 var hlutfjárhækkun hjá félaginu og hlutfé ríkisins aukið um 15 m.kr. sem var greitt með því að ríkið lagði land að Keldum og Keldnaholti til félagsins. Við hlutfjárhækkunina breyttist ekki nafnverð hlutfjár hvers og eins sveitarfélags, en hlutfall þess af heildarhlutfé lækkaði verulega. Innborgað hlutfé Reykjavíkurborgar nam 563 þús. kr. og er eignarhluturinn 0,0038%.

Hinn 21. ágúst 2024 skrifuðu ríkið og sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes undir samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald. Á grundvelli samkomulagsins var félagið Almenningssamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. stofnað hinn 1. september 2025. Félagið, sem ætlað er að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu, er í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna sem fara með 67% eignarhlut og ríkisins sem fer með 33% eignarhlut og verður fjármögnun þess í samræmi við þau hlutföll. Félagið tók formlega til starfa 1. janúar 2026 og er stefnt að því að yfirfærslu verkefna frá Strætó bs. og til Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. verði lokið 1. júlí 2026, þó þannig að Strætó bs. annist áfram rekstur tiltekinnar akstursleiða innan leiðakerfisins.

Sérstakur stýrihópur hefur starfað að undirbúningi stofnunar félagsins og yfirfærslu verkefna til þess á vettvangi SSH og ríkisins. Framlag Reykjavíkurborgar vegna undirbúnings og stofnunar Almenningssamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf. nam 377,2 m.kr. á árinu 2025.

Metan ehf. er nú tekið inn sem hluti af samstæðureikningi Sorpu bs.

\*Gangvirði eignarhluta sem flokkaðir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur er ákvarðað með viðurkenndum matsaðferðum. Stuðst er við verðmat sem framkvæmt er af sérfræðingum innan Orkuveitunnar.

EKKI hefur tekist að ganga frá sölu á hlut Orkuveitunnar í Landsneti hf. á árinu 2025, líkt og stefnt hefur verið að, þrátt fyrir lagaskyldu þar um. Bókfært verð eignarhlutarins er metið á 6,2 milljarða kr. 31.12.2025 og er færður meðal fastafjármuni meðal eignarhluta í félögum, þar sem óvíst er hvenær verður af sölu eignarhlutarins. Mat sérfræðinga var að ekki skyldi færa gangvirðisbreytingu á eignarhlut Orkuveitunnar í Landsneti hf á árinu 2025 (2024: mat sérfræðinga var að engin gangvirðisbreyting skyldi færð á árinu 2024).

Heimild: Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2025.

